



# UPPLÝSINGAR UM VERKLAG OG FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

## Tilgangur og gildissvið

Við miðlun og framkvæmd fyriræla um viðskipti með fjármálagerninga leitar Arion banki (bankinn) allra skynsamlegra leiða til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu fyrir hönd viðskiptavinar.

Í þeim tilgangi hefur bankinn sett eftirfarandi verklagsreglur um framkvæmd viðskiptafyriræla, í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti og reglugerð um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

Reglurnar gilda þegar:

1. Bankinn framkvæmir viðskiptafyriræli viðskiptavina vegna viðskipta með fjármálagerninga.
2. Bankinn miðlar viðskiptafyrirælum viðskiptavina vegna viðskipta með fjármálagerninga til framkvæmdar hjá þriðja aðila.
3. Eignastýring beinir fyrirælum um viðskipti með fjármálagerninga á grundvelli eignastýringar til þriðja aðila.

Reglurnar gilda einungis um viðskiptavinum sem eru flokkaðir sem almennir fjárfestar eða fagfjárfestar, en bankinn kann þó að samþykka sérstaklega að reglurnar gildi einnig um viðskipti viðurkenndra gagnaðila.

Reglurnar gilda ekki um viðskipti þar sem viðskiptavininn má vera fyrirfram ljóst að bankinn kemur fram sem mótaðili fyrir eigin reikning og ekki er umboðsskyldu fyrir að fara.

## Framkvæmd viðskiptafyriræla

Almennir markaðsskilmálar fyrir verðbréfavíðskipti, eins og þeir eru á hverjum tíma, gilda um öll viðskipti með fjármálagerninga, nema samið hafi verið sérstaklega um annað.

Bankinn skal grípa til fullnægjandi ráðstafana sem miða að sanngjarnri og skjótri framkvæmd fyriræla viðskiptavina, með tilliti til annarra viðskiptavina eða viðskiptahagsmuna bankans.

### Rekjanleiki viðskiptafyriræla

Sérhver viðskiptafyriræli skulu veitt með sannanlegum hætti og vistuð í a.m.k. 5 ár. Ef um munnleg fyriræli er að ræða sem ekki eru hljóðrituð skal skjalfesta fyrirælin og þær forsendur sem viðskiptavinur kann að hafa gert grein fyrir. Viðskiptavinur skal staðfesta hin skjalfestu fyriræli með sannanlegum hætti áður en fyrirælin eru framkvæmd.

### Röð fyriræla

Fyriræli skulu tafarlaust og nákvæmlega skráð og þeim beint í réttan farveg.

Fyriræli sem eru sambærileg að öðru leyti skulu afgreidd í þeirri röð sem þau berast og án tafar, nema það sé ógerlegt vegna þess hvers eðlis fyrirælin eru eða vegna ríkjandi markaðsaðstæðna eða ef hagsmunir viðskiptavinarins krefjast þess.

### Skilyrt fyriræli

Skilyrtum fyrirælum, sem ekki eru framkvæmd jafnskjótt og þau berast vegna markaðsaðstæðna, skal miðlað til skipulegs verðbréfamarkaðar eða markaðstorgs fjármálagerninga eins fljótt og mögulegt er, nema viðskiptavinur mæli fyrir um annað.

### Samsöfnun fyriræla

Heimilt er að safna saman fyrirælum fleiri viðskiptavina, þ.m.t. fyriræli vegna viðskipta bankans fyrir eigin reikning, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- ólíklegt verður að teljast að samsafn fyriræla muni í heild reynast óhagstæð einhverjum viðskiptavina
- sérhver viðskiptavinur sem á í hlut hefur verið upplýstur um að áhrif samsöfnunar geti reynst óhagstæð að því er varðar tiltekin fyriræli
- úthlutun er fyrirfram ákveðin í samræmi við skýrt verklag þar að lútandi



Viðskiptavinir skulu njóta forgangs fram yfir viðskipti bankans fyrir eigin reikning við úthlutun samsafnaðra fyrirmæla. Skal bankinn þannig ekki fá úthlutað viðskiptum, hafi hin samsöfnuð fyrirmæli einungis verið framkvæmd að hluta, nema unnt sé að sýna fram á að hlutdeild bankans í viðskiptunum hafi haft jákvæð áhrif á kjör annarra viðskiptavina.

### Uppgjör

Bankinn skal gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að fjármálagerningar eða fjármunir viðskiptavinar, sem veitt er viðtaka við uppgjör eftir framkvæmd fyrirmæla, sé komið til skila án tafar og með viðeigandi hætti á reikning viðkomandi viðskiptavinar.

### Besta framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Við framkvæmd fyrirmæla um viðskipti með fjármálagerninga leitar bankinn allra skynsamlegra leiða til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu fyrir hönd viðskiptavinar með tilliti til:

- verðs
- kostnaðar
- hraða
- líkinda til þess að af viðskiptunum verði
- umfangs
- eðlis
- annarra þátta sem máli skipta

Við mat bankans á hlutfallslegu mikilvægi ofangreindra þátta skal tekið tillit til:

- einkenna viðskiptavinarins, þ.m.t. hvort viðskiptavinurinn er flokkaður sem almennur fjárfestir eða fagfjárfestir
- hvers eðlis fyrirmæli viðskiptavinarins eru
- einkenna fjármálagerninganna sem um er að ræða
- einkenna þeirra markaða sem unnt er að beina fyrirmælunum til, s.s. seljanleiki á viðkomandi markaði, geta til að meðhöndla flóknar pantanir og hvort um beinan aðgang er að ræða eða ekki

Þegar um almennan fjárfesti er að ræða er heildarmat á viðskiptaverði og þeim kostnaði sem fellur á viðskiptavin vegna viðskiptanna almennt mikilvægasti þátturinn við mat á bestu framkvæmd. Við tiltekna aðstæður getur þó t.d. hraði eða líkindi þess að af viðskiptum verði haft aukið vægi, s.s. ef um er að ræða viðskipti með fjármálagerninga sem lítil velta er með eða við sérstakar markaðsaðstæður.

Verð vegur alla jafna þyngst þegar um fagfjárfesta er að ræða, en þar kann þó oftast að þurfa að taka sérstakt tillit til umfangs og eðlis viðskiptanna eða fyrirmælanna og annarra þátta en í viðskiptum almennra fjárfesta, s.s. möguleikinn á að framkvæma viðskiptin í heild.

Út frá ofangreindu mati er ákveðið hvar og hvernig viðkomandi fyrirmæli skulu framkvæmd þannig að tryggt sé að það sé gert með þeim hætti sem að jafnaði veitir bestu mögulegu niðurstöðu.

Athugið að ef viðskiptavinur gefur skýr fyrirmæli um ákveðna framkvæmd, eða tiltekna þætti í framkvæmdinni, skulu slík fyrirmæli ganga frammat bankans, að því er varðar þá þætti sem fyrirmæli viðskiptavinar taka til. Óheimilt er að hvetja viðskiptavini til að veita fyrirmæli um aðra framkvæmd en bankinn telur að myndi tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavin.

Óheimilt er að framkvæma fyrirmæli viðskiptavinar, er varða skráða fjármálagerninga, utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga nema viðskiptavinur hafi samþykkt slíkt sérstaklega og slíkt sé talið leiða til bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðkomandi viðskiptavin.

### Val á mörkuðum til að framkvæma fyrirmæli

Bankinn er aðili að verðbréfamörkuðum á Íslandi, þ.e. Nasdaq OMX Iceland og First North, en hefur ekki beinan aðgang að innmiðlurum eða öðrum mörkuðum. Þá kann bankinn að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina með skráða fjármálagerninga utan verðbréfamarkaða, enda hafi viðskiptavinur samþykkt slíkt og það sé talið leiða til bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðkomandi viðskiptavin.

Ef fleiri en einn markaður (þ.m.t. innmiðlarar) eru í samkeppni um að taka við tilboðum vegna skráðra fjármálagerninga, skal bankinn meta og bera saman árangur þessara aðila til að ákveða hvort óska skuli eftir aðild að tilteknum markaði, og eftir atvikum hvort segja skuli upp aðild að öðrum mörkuðum.



Í þeim tilvikum þar sem unnt er að framkvæma tiltekin fyrirmæli á fleiri en einum markaði, skal bankinn beina fyrirmælum til þess markaðar sem að jafnaði leiðir til bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavininn, með tilliti til þeirra þátta sem fjallað er um í 3. gr. reglna þessara. Athugið að hér kann einnig að koma til skoðunar hvort það muni leiða til betri niðurstöðu fyrir viðskiptavin að miðla fyrirmælum til þriðja aðila til framkvæmdar, s.s. ef þriðji aðili er aðili að markaði sem bankinn er ekki aðili að.

Eftirtaldir eru þeir markaðir sem bankinn reiðir sig einkum á þegar hann leitar allra skynsamra leiða til að ná að jafnaði besta mögulega árangri við framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina er varða skráða fjármálagerninga.

Fjármálagerningar	Markaður	Tegund
Hlutabréf	Nasdaq OMX Iceland	Skipulegur verðbréfamarkaður
	First North Iceland	Markaðstorg fjármálagerninga
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl	Nasdaq OMX Iceland	Skipulegur verðbréfamarkaður

Eðli málsins samkvæmt er enginn forbundinn markaður með óskráða fjármálagerninga og eiga því viðskipti með slíka fjármálagerninga sér ávallt stað utan markaða.

## Upplýsingagjöf

Viðskiptavinir skulu fá með góðum fyrirvara viðeigandi upplýsingar um reglur þessar á varanlegum miðli, eða vefsíðu bankans að viðeigandi skilyrðum uppfylltum, og samþykki þeirra aflað áður en fyrirmæli eru framkvæmd. Þar skal a.m.k. koma fram:

- yfirlit yfir hlutfallslegt mikilvægi þeirra þátta sem er fjallað um í 3. gr. eða þá aðferð sem bankinn beitir til að ákvarða hlutfallslegt mikilvægi þessara þátta
- skrá yfir þá markaði sem bankinn reiðir sig einkum á til þess að ná að jafnaði bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina
- skýr og áberandi viðvörðun um að hvers kyns sérstök fyrirmæli frá viðskiptavini kunni að hindra það að bankinn geti fylgt verklagi sínu til að ná fram besta mögulega árangri við framkvæmd þessara fyrirmæla að því er varðar þá þætti sem hin sérstöku fyrirmæli ná til

Viðskiptavinir skulu upplýstir um efnislegar breytingar sem gerðar eru á reglum þessum að því er varðar framkvæmd viðskiptafyrirmæla, m.t.t. þeirra upplýsinga sem áður hafa verið veittar. Þetta skal gert með birtingu á heimasíðu bankans, auk þess að senda á varanlegum miðli til viðskiptavina sem ekki hafa samþykkt sérstaklega að upplýsingar séu veittar á heimasíðu.

Viðskiptavinur á ávallt rétt á upplýsingum um stöðu fyrirmæla, ef hann fer fram á slíkt. Viðskiptavini skal tafarlaust veittar þýðingarmiklar upplýsingar varðandi framkvæmd fyrirmæla á varanlegum miðli. Ef í ljós koma vandkvæði við að framkvæma fyrirmæli almenns fjárfestis skal tilkynna viðkomandi viðskiptavin um leið og slík vandkvæði koma í ljós.

Arion banki skal sýna fram á að fyrirmæli hafi verið framkvæmd í samræmi við reglur þessar, sé þess óskað.

Almennum fjárfestum skal send kvittun til staðfestingar á framkvæmd fyrirmæla eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fyrsta viðskiptadag eftir framkvæmdina eða eftir að staðfesting hefur borist frá þriðja aðila, nema viðskiptavinur fái slíka staðfestingu frá öðrum aðila. Ef um er að ræða áskrift í sjóði er þó óskýlt að senda kvittun fyrir sérhverjum reglulegum viðskiptum, ef viðskiptavin er sent yfirlit á a.m.k. 6 mánaða fresti. Kvittun skal innihalda upplýsingar í samræmi við 40. gr. reglugerðar nr. 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

Þá skal viðskiptavinum sent yfirlit a.m.k. einu sinni á ári um eignastöðu á verðbréfasafni ásamt yfirliti um hreyfingar sem átt hafa sér stað á tímabilinu, sbr. 43. gr. reglugerðar nr. 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

## Eftirlit

Markaðsviðskipti skulu viðhafa reglulegt innra eftirlit og fylgjast með skilvirkni reglnanna í framkvæmd, til að geta greint galla og gert endurbætur ef tilefni er til. Eftirlitið er þrjúþætt:

1. Eftirlit með því að viðskipti séu framkvæmd í samræmi við reglur þessar



2. Eftirlit með gæðum framkvæmdar þegar fyrirmælum er miðlað til þriðja aðila
3. Almennit eftirlit með því hvort unnt sé að bæta framkvæmd þannig að viðskiptavinir fái að jafnaði betri niðurstöðu

Eignastýring skal auk þess viðhafa reglulegt innra eftirlit með gæðum framkvæmdar þegar eignastýringarfyrirmælum er miðlað til þriðja aðila.

Þá skal regluvarsla viðhafa reglulegt eftirlit og fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni reglna þessara, kalla eftir úrbótum eftir því sem tilefni er til, og veita almenna ráðgjöf og fræðslu um skyldur starfsmanna samkvæmt reglum þessum.

### Endurskoðun, birting og gildistaka

Reglurnar skal endurskoða a.m.k. árlega og jafnframt ef veruleg breyting á sér stað sem hefur áhrif á getu bankans til að ná að jafnaði bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini. Við endurskoðun skal m.a. skoða hvaða markaði og þriðju aðila bankinn notast einkum við til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu við miðlun og framkvæmd fyrirmæla, og hvort unnt sé að bæta verklag bankans að öðru leyti þannig að viðskiptavinir fái að jafnaði betri niðurstöðu.

Við endurskoðun reglnanna skal horfa sérstaklega til niðurstöðu reglulegs eftirlits. Framkvæmd og niðurstöður endurskoðunarinnar skulu skjalfestar sérstaklega.

Markaðsviðskipti og eignastýring skulu upplýsa regluvörslu án tafar ef upp kemur tilefni til endurskoðunar.

Regluvarsla skal tryggja að reglurnar séu endurskoðaðar eigi sjaldnar en árlega.

Viðskiptavinir skulu upplýstir um efnislegar breytingar sem gerðar eru á reglum þessum að því er varðar framkvæmd viðskiptafyrirmæla, sbr. 2. mgr. Upplýsingagjöf